

Fimmtudaginn 1. apríl 1982.

Nr. 79/1982. **Ákærvaldið**
 gegn
Einari Sigurbjarti Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. mars 1982, sem barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. mars 1982.

Ár 1982, sunnudaginn 28. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Einari Sigurbjarti Jónssyni, Kirkjuvegi 28, Keflavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 14. apríl nk., kl. 1700, en hann er grunaður um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Kærði hefur mótmælt kröfu þessari.

Á hendur kærða eru nú eftirtalin mál til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins:

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 740/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Hafsteini Hafsteinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sigurjóns Símonarsonar vegna ætlaðra fjárvika í bifreiðaviðskiptum. Mun Sigurjón hafa selt Jóni Magnússyni, Stóra-Ási, Borgarfirði, bifreiðina R 63029 á kr. 19.000.00, sem greidd var með 4 víxlum. Voru víxlarnir

samþykktir af Róbert Henry Vogt, Hafnargötu 15, Vogum, fæddum 19. ágúst 1964, og út gefnir og ábaktir af Samúel Oddgeirsyni, sama stað. Eru þrír víxlanna gjaldfallnir og ógreiddir.

Jón Magnússon hefur borið, að kærði hafi fengið sig til að gera þessi kaup og afhent sér víxlana og lagt ríka áherslu á, að Jón mætti ekki skrifa nafn sitt á víxlana, ella væri betra að gera engin kaup. Verður af frásögn Jóns ráðið, að kærði hafi beitt skipulögðum blekkingum til að hafa fé af seljanda. Kvað Jón, að kærða hafi verið kunnugt um, að samþykkjandi og útgefandi á víxlunum væru óreiðumeenn.

Kærði hefur vísað frásögn Jóns á bug sem alrangri, og kvaðst hann aldrei hafa haft ofangreinda víxla undir höndum.

Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 873/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra frá Hafsteini Hafsteinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Bjarna Hákonarsonar vegna ætlaðra fjársvika í bifreiðaviðskiptum. Mun Bjarni hafa selt áðurgreindum Jóni Magnússyni bifreiðina R 58700 á kr. 25.000.00, sem greidd var með 5 víxlum, samþykktum af Ólafi Clausen, Junkaragerði, Höfnum, og útgefnum og áböktum af Ósk Helgu Jónsdóttur, sama stað. Eru tveir víxlanna nú gjaldfallnir og ógreiddir.

Jón Magnússon hefur borið, að víxla þessa hafi hann fengið frá kærða fyrir bifreið, sem kærði seldi honum, og hafi Jón notað þá til kaupa á bifreiðinni R 58700. Kvaðst Jón hafa talið víxla þessa í lagi, en kvaðst nú vita, að samþykkjandi og útgefandi væru óreiðufólk.

Jón Magnússon hefur skýrt nánar frá viðskiptum sínum við kærða. Kvað Jón ýmsa óreiðumenn hafa komið á heimili kærða og útfyllt víxla fyrir kærða gegn þóknun. Hafi víxlum þessum verið komið í verð með bifreiðaviðskiptum með aðstoð Jóns við kærða.

Vegna ofangreindra kæruefna hefur rannsóknarlögregla ríkisins framkvæmt húsleitir að heimili Einars skv. úrskurði, uppkeðnum í Keflavík, og að Njálsgötu 86, Reykjavík, samkvæmt úrskurði, uppkeðnum í Reykjavík á föstudagskvöld. Var þar lagt hald á allmikið af skjölum, sem eftir á að flokka og kanna.

Kærði hefur alfarið vísað á bug framburði Jóns Magnússonar. Mál rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 424/82.

Rannsóknarlögreglu ríkisins hefur borist kæra Eiríks Tómassonar héraðsdómslögmanns f. h. Vilmundar S. Þorgrímssonar og Árna Níelssonar á hendur kærða fyrir ætluð fjársvik vegna

tveggja bifreiðaviðskipta, þ. e. bifreiðarnar S 1770 og Y 8476. Kærði hefur kannast við kaup á bifreiðum þessum, en kveðst aldrei hafa verið krafinn um greiðslur víxla vegna þeirra og kvaðst fyrst hafa frétt um greiðslufall þeirra, er hann var handtekinn í gær. Kvaðst kærði engum svikum hafa beitt vegna þessara viðskipta.

Þar sem rannsókn mála þessara er á algeru frumstigi, og eftir er að taka skýrslur af fjölmörgum, er borið geta um ofangreind viðskipti, og nauðsynlegt þykir að koma í veg fyrir, að kærði geti spillt sakargögnum með óskertu frelsi sínu, svo sem með því að hafa áhrif á vitni eða hugsanlega samseka, þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl nk., kl. 1700.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum 248. gr. almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Sigurbjartur Jónsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 7. apríl 1982, kl. 1700.
